



Fjölbrautaskóli Suðurlands

**ENSK3LA05**

Language and literature

Vorönn 2025

Kennari:	<b>Thelma María Marinósdóttir (TMM)</b>	<b>Thelma@fsu.is</b>
----------	---	----------------------

### Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga á vísindaskáldskap og fantasíubókmenntum. Nemendur velja þrjár skáldsögur eftir enskumælandi höfunda. Þeir skrifa ritgerð um hverja skáldsögu sem þau velja og taka þátt í ýmsum verkefnum og kennslustundum yfir önnina. Ekki er gert ráð fyrir föstum kennslustundum. Lögð er áhersla á lesskilning, ritun, töluð mál og almennt að auka hæfni í enskri málnotkun.

**Undanfari:** ENSK2OR05

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- stjórnámálum, fjölmiðlum og sögu í þeim löndum þar sem tungumálið er talað
- menningu þjóða þar sem tungumálið er talað sem og eigin menningu
- inntaki textanna sem unnið er með
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi
- hefðum sem eiga við um talað og ritað mál

Leikniviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skilja vel sérhæfða texta á sviði sem hann þekkir
- skilja almennt talað mál, jafnvel þar sem frásögnin er ekki sett skipulega fram
- lesa, sér til ánægju og upplýsingar, texta sem gerir kröfur til lesandans með tilliti til orðaforða, uppbyggingar, myndmáls og stílbragða
- nota tungumálið á sveigjanlegan og árangursríkan hátt í samræðum
- tjá sig af öryggi um margvísleg málefni, bæði almenn og persónuleg
- beita ritmáli í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum

Hæfniviðmið

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- nýta sér fyrirlestra, umræður og rökræður um efni sem hann hefur þekkingu á
- skilja sér til gagns þegar fjallað er um flókið efni
- átta sig á mismunandi málsniði og stíl í töluðu máli
- greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í texta, s.s. í bókmenntaverkum og öðrum textum

- leggja gagnrýnið mat á texta
- hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýninn hátt
- beita málinu til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg, félagsleg og fjölmenningsleg efni
- flytja vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og bregðast við fyrirspurnum
- lýsa flóknum hlutum eða ferlum á fræðisviði sem hann þekkir vel
- beita rithefðum sem við eiga við textasmíð, m. a. um inngang með efnisyfirlit, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag
- vinna efni úr ýmsum upplýsingaveitum og fella saman í eina heild samkvæmt þeim hefðum sem gilda um heimildavinnu
- skrifa gagnorðan, skilmerkilegan og vel uppbyggðan texta
- skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau vegin og metin
- tjá tilfinningar, nota hugarflugið og beita stílbrögðum, t.d. myndmáli og líkingamáli

#### Námsefni:

- Efni frá kennara sem og þrjár skáldsögur sem nemendur velja sjálfir og falla undir flokk vísindaskáldsagna og fantasíubókmennta.

#### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Verkefni
1- 4	15. janúar- 7. febrúar	Dystópískar bókmenntir  Kennsla hefst mið. 15. jan	Dystópískar bókmenntir ritgerð
5 - 10	10. febrúar - 25. mars	Ýmis verkefni (Dystópískar bókmenntir) Vísindaskáldskaparbókmenntir  Námsmatsdagur 14. Feb. Miðannarmat lokaskil 28. Feb. Áfangamessa 5. mars	Vísindaskáldskaparbókmenntir ritgerð
11 - annarlok	27. mars - 23. apríl	Ýmis verkefni (Vísindaskáldskaparbókmenntir) Fantasíubókmenntir  Valdagur 12. Mars Kátir dagar og Flóafár 19.-21. Mars. 14.- 21. Apríl. Páskafrí 24. Apríl Sumardagurinn fyrsti	Fantasíubókmenntir ritgerð

	23. apríl - 14. maí	Ýmis verkefni (Fantasíubókmenntir)  Dimmisjón 9. Maí Síðasti kennsludagur fim. 15. maí. Námsmatsdagar 16. - 19. maí. Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning mið. 28. maí.	
--	---------------------------	---	--

### Sérreglur áfangans:

Nemendur lesa þrjár skáldsögur sem nemendur velja sjálfir og falla undir flokk vísindaskáldsagna og fantasíubókmennta. Ýmis verkefni verða unnin í tímum og þrjár ritgerðir skrifaðar sem tengjast lestrinum.

### Skilaskylda er á öllum verkefnum.

Samkvæmt stefnu deildarinnar, er ritstuldur (plagiarism) óásættanlegur. Gefið er 0 fyrir verkefni sem nemendur skila sem ekki er þeirra (copy-paste, unnið með AI eða fengið að láni frá öðrum). Þetta gildir líka um þá sem lána öðrum verkefni sín.

### Það er ekki lokapróf í þessum áfanga.

Hvaða kröfur eru gerðar um árangur í prófum, verkefnaskil, viðurlög við að skila verkefnum seint, skólasókn, o.s.frv. sem ekki er kveðið sérstaklega á um í skólasóknarreglum?

### Námsmat:

Lýsing á námsmati	Vægi
3 ritgerðir	60%
Verkefni í stofutímum	40%
	100%

### Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 17. janúar, 2025

Thelma María Marinósdóttir.